

## Sýn

Framtíðarsýn Landspítala er að jafnrétti ríki á stofnuninni gagnvart starfsmönnum og nemum.

Jafnréttisstefna er skuldbinding Landspítala um stöðugar umbætur í jafnréttismálum. Horft er til ákvæða laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla og laga nr. 86/2018 um bann við allri mismunum fólks á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.

Landspítali er öðrum stofnunum fyrirmynd í jafnréttismálum.

## Stefna og markmið

### Launajafnrétti

- Karlar og konur fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, og sama aðgang að greiðslum fyrir persónubundna þætti.
- Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum, óháð kyni, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.
- Landspítali vinni markvisst að því að viðhalda jafnlaunavottun skv. lögum nr. 10/2008.

### Stjórnun og skipulag

- Stjórnunarstöður á Landspítala standi jafnt konum sem körlum til boða.
- Aðild kynjanna að nefndum og ráðum sé sem jöfnust.
- Stjórnendur á Landspítala séu meðvitaðir um kynjajafnrétti.
- Tekið sé mið af jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og stærri ákvarðanatöku.

### Ráðningar

- Unnið sé gegn því að störf á Landspítala flokkist sem karla- eða kvennastörf.
- Við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga.

### Starfsþróun

- Tryggt sé að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsþróunar, byggt á endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun.
- Tryggt sé að starfsfólk af erlendum uppruna fái aðstoð við starfsþróun.

### Samþætting vinnu- og einkalífs

- Karlar og konur hafi sömu tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf, til dæmis við fæðingar- og foreldraorlof, leyfi vegna veikinda barna og vegna annarrar fjölskylduábyrgðar.
- Sveigjanlegur vinnutími standi öllum jafnt til boða, þegar starf og starfsemi gefa kost á því.

### Starfsumhverfi

- Karlar og konur njóti sömu tækifæra, réttinda og starfsaðstæðna.
- Tryggt sé að einelti, kynferðisleg- og kynbundináreitni og kyndbundið ofbeldi líðist ekki, og tekið sé á málum sem upp koma.
- Áhersla sé lögð á að styrkja jafnréttismenningu innan Landspítala, meðal annars með fræðslu og vitund starfsfólks um málefni ólíkra hópa.

- Unnið sé gegn kynjuðum staðalímyndum starfa á Landspítala.

Ábyrgð á að framfylgja jafnréttisáætlun: Allir starfsmenn bera ábyrgð á jafnrétti á Landspítala, en sérstök ábyrgð liggur hjá stjórnendum, skrifstofu mannauðsmála og mannauðsstjórum.